

Lög

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum (bílastæðagjöld).

1. gr.

Í stað 2. mgr. 83. gr. laganna koma fimm nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sveitarstjórn er heimilt að setja reglur um notkun stöðureita og gjaldtöku fyrir hana á landi í umráðum hennar, þ.m.t. á þjóðlendum innan marka sveitarfélagsins. Reglur um notkun stöðureita á landi í umráðum sveitarstjórnar þurfa samþykki lögreglustjóra. Reglur um notkun stöðureita á þjóðlendum skulu samþykktar af ráðherra er fer með málefni þjóðlendna.

Sveitarstjórn innheimtir gjald skv. 2. mgr. á stöðureitum á landi í umráðum hennar og á þjóðlendum innan marka sveitarfélagsins. Samþykki ráðherra er fer með málefni þjóðlendna þarf fyrir gjaldtöku innan þeirra.

Að fengnu samþykki ráðherra er fer með málefni ríkisjarða og lands í eigu ríkisins er ráðherra heimilt að setja reglugerð um notkun stöðureita og gjaldtöku fyrir hana á landi í umráðum ríkisins, öðru en þjóðlendum og náttúruverndarsvæðum.

Ráðherra innheimtir gjald skv. 4. mgr. eða felur öðrum að sjá um innheimtuna með samningi.

Fjárhæð gjalds samkvæmt þessari grein miðast við að standa straum af byggingarkostnaði, viðhaldi og rekstri stöðureita, þ.m.t. launum varða, og kostnaði við uppbyggingu, viðhald og rekstur þjónustu sem veitt er í tengslum við notkun stöðureita, svo sem salernisaðstöðu, og gerð og viðhaldi göngustíga og tenginga við önnur samgöngumannvirki. Gjaldskrá skal birta notendum á aðgengilegan hátt.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 108. gr. laganna:

a. Í stað „2. mgr. 83. gr.“ í f-lið 1. mgr. kemur: 2. og 4. mgr. 83. gr.

b. 2. mgr. orðast svo:

Gjaldið skal lagt á með skriflegri tilkynningu sem fest skal við ökutækið, afhent öku-
manni eða send með sannanlegum hætti til eiganda eða umráðamanns ökutækis.

c. Í stað orðanna „varið til að gera og reka bifreiðastæði og bifreiðageymslur til almenningsnota“ í 3. mgr. kemur: varið til að standa straum af byggingarkostnaði, viðhaldi og rekstri stöðureita og bifreiðageymslna til almenningsnota, þ.m.t. launum varða, og kostn-

aði við uppbyggingu, viðhald og rekstur þjónustu sem veitt er í tengslum við notkun stöðureita, svo sem salernisaðstöðu, gerð og viðhaldi göngustíga og tenginga við önnur samgöngumannvirki.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 31. maí 2017.